

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**680. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 31. janúar 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa nemendaráðs Grunnskóla Húnaþings vestra um niðurstöður Ungmennaráðstefnu.
2. Fundargerð stjórnar SSNV frá 11. janúar s.l.
3. Bréf Mennta-og menningarmálaráðuneytisins.
4. Reglur um afslátt af álagningu fasteignaskatts 2011
5. Málefni brunavarna Húnaþings vestra.
6. Málefni Bóka-og skjalasafns Húnaþings vestra.

### Afgreiðslur:

1. Fulltrúar nemendaráðs Grunnskóla Húnaþings vestra þau Eygló Hrund Guðmundsdóttir, Iðunn Berta Bjarnadóttir og Guðrún Helga Magnúsdóttir ásamt Sveini Benónýsson íþróttá-og tólmstundafulltrúa eru mætt til viðræðna við byggðarráð til að kynna helstu niðurstöðu frá ungmennaráðstefnu sem haldin var í grunnskólanum 21. janúar 2011. Einnig mættu á fundinn fulltrúar frá UMFÍ þau Sæmundur Runólfsson framkvæmdastjóri, Jón Kristján Sigurðsson, Alda Pálsdóttir og Sigurður Guðmundsson.
2. Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 11. janúar s.l.
3. Lagt fram bréf Mennta-og menningarmálaráðuneytisins dags. 20. janúar 2011, þar sem gerð er grein fyrir því hvernig rannsóknunum „Ungt fólk á Íslandi“ verði háttað á árunum 2011 til 2016 og leitar jafnframt eftir áframhaldandi stuðningi við að spurningalistar verði lagðir fyrir nemendur. Byggðarráð samþykkir áframhaldandi stuðning við verkefnið
4. Lögð fram eftirfarandi tillaga að reglum um afslátt til tekjulágra elli og örorkulífeyrisþega árið 2011. **Reglur um afslátt af fasteignaskatti til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega eru vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Húnaþingi vestra. Afslátturinn er tekjutengdur og miðaður við árstekjur skv. nýjasta skattframtali, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjur. og tekur einungis til fasteignaskatts.**

#### Tekjuviðmiðun:

#### Fyrir einstaklinga:

- a) Með heildartekjur allt að kr. 2,520.000 fær 100% afslátt
- b) Með tekjur umfram kr. 3.465.000 enginn afsláttur

#### Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk:

- a) Með heildartekjur allt að kr. 3.465.000 fær 100% afslátt
- b) Með heildartekjur umfram kr. 4.620.000 enginn afsláttur.

Ef tekjur eru skv. framangreindu bili er veittur hlutfallslegur afsláttur

1. Elli- og/eða 75%örorkulífeyrisþegi hefur heimild til að leggja fram tekjuvottorð vegna tekna næstliðins árs, og breytast þá tekjuforsendur skv. ofangreindu tekjuviðmiði
2. Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur.
3. Ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða, ræður aldur þess sem fyrr verður 67 ára án tillits til þess hvort þeirra er skráð fyrir eigninni.
4. Við andlát maka styrki sveitarsjóður eftirlifandi um sömu upphæð og nemur álögðum fasteignaskatti ársins.

Byggðarráð samþykkir tillöguna.

5. Málefni Brunavarna Húnaþings vestra. Afgreiðslu frestað.
6. Málefni Bóka-og skjalasafns Húnaþings vestra. Lögð fram tillaga um breyttan opnunartíma bóka-og skjalasafns á næstunni. Opnunartímar verði mánudaga, þriðjudaga og föstudaga frá kl.13:00-17:00 og miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 13:00-18:00. Þrátt fyrir fyrirhugaða breytingu gefst nemendum grunnskóla og leikskóla sem og notendum fjarnámsstofu kostur á að nýta þjónustu safnsins fyrir hádegi skv. samkomulagi við forstöðumann. Þrátt fyrir styttri opnunartíma kemur ekki til lækkunar starfshlutfalls starfsmanna, þar sem tíminn fyrir hádegi verður notaður til vinnu við skráningar í skjalasafni. Tillagan borin upp og samþykkt með tveimur atkvæðum. Elín R. Líndal greiðir atkvæði gegn skerðingu á opnunartíma bóka-og skjalasafns, þar sem þjónustan sem byggð hefur verið upp er mikið notuð.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl.15:40

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Stefán E. Böðvarsson.

---

Elín R. Líndal.

Áheyrnarfulltrúi

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari